43 20. marz. sem átt hefir sjer stað í A deild stjórnartíðindanna 1878 bls. 6—51 skuldbindandi, og með því að í hvorutveggja lögum þeim, er hjer rœðir um, er sjerstaklega sagt fyrir um, hvenær þau skuli öðlast gildi, er þetta ekki bundið við neina auglýsingu í B deild stjórnartíðindanna um, að lögin sjeu út komin. Eins og tekið er fram í 2. gr. laga 24. ágúst 1877, er það ekki skilyrði fyrir því, að lög sjeu skuldbindandi, að þau verði lesin upp á kirkjufundum eða hreppaskilaþingum. Samt vona jeg, að hlutaðeigandi sýslumenn hafi sjeð um, að áminnzt tvenn lög hafi verið send hreppstjórunum til birtingar á nefndan hátt, en skyldi þetta hafa verið vanrœkt, ber að leggja fyrir sýslumennina að gjöra tafarlaust nauðsynlegar ráðstafanir í þessu efni.

44 20. marz. — *Brjef* landshöfðingja *til amtmannsins yfir suður- og vesturumdœminu um* styrk til vegagjörða. — Með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, frá 18. þ. mán. meðtók jeg tillögur yðar um vegagjörðir þær, sem vinna ber á yfirstandandi ári í suður- og vesturumdœminu, og læt jeg nú ekki dragast hjer með að veita samþykki mitt til þess, að af þeim 15000 kr., sem veittar eru í fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár § 10, C, 6, sje varið eptirnefndum upphæðum til fjallvegagjörða í suður- og vesturumdœminu.

1.	til að fullgera veginn yfir Svínahraun	3000 kr.
2.	— endurbóta á veginum upp hina svo nefndu Kamba á Hellisheiði . .	1000 —
3.	— framhalds vegagjörðinni á Holtavörðuheiði	1500 —
4.	— framhalds vegabótinni á Kaldadalsveginum	1500 —
5.	— framhalds vegagjörðinni á Laxárdalsheiði í Dalasýslu	400 —
6.	— framhalds vegagjörðinni yfir Bröttubrekku	400 —

og vil jeg hjer með fela yður, herra amtmaður, á hendur að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að framkvæmt verði fyrnefndum vegagjörðum, sem og til þess, að gjörð verði á sínum tíma nauðsynleg reikningsskil fyrir áminnztu fje.

EMBÆTTASKIPUN O. FL.

Hinn 22. dag janúarmánaðar þóknaðist hans hátign konunginum allra mildilegast að veita sýslumanni í Skaptafellssýslu Árna Gíslasyni lausn í náð frá tjeðu embætti með árlegum eptirlaunum samkvæmt eptirlaunalögunum, allt frá 1. júlí þ. á. að telja.

29. janúar skipaði landshöfðingi kandídat Þorstein Benidiktsson til að vera prest Lundar og Fitja safnaða í Borgarfjarðar prófastsdœmi.

19. febrúar var hreppstjóri Ólafur Pálsson á Höfðabrekku settur til að gegna Kirkjubœjar og Þykkvabœjar klausturs umboði um stundar sakir.

19. marz var presturinn að Þóroddstað sira Stefán Jónsson skipaður prestur í Mývatnsþingum í Suður-Þingeyjar prófastsdœmi.

21. marz var præpositus honorarius sira Sveinn Níelsson R. D. skipaður prestur að Hallormsstað í Suðurmúla prófastsdœmi.

ALÞINGISKOSNING.

Samkvæmt skýrslu hlutaðeigandi amtmanns frá 3. marz var cand. philos. Björn Jónsson 1. október f. á. kosinn alþingismaður í Strandasýslu.

ÓVEITT EMBÆTTI.

er ráðgjafinn fyrir Ísland hlutast til um veitingu á.

Embættið sem sýslumaður í Skaptafellssýslu innan suðurumdœmis Íslands verður laust 1. júlí þ. á. Árslaun 3000 kr.

Sœki aðrir en Íslendingar um embætti þetta, skulu þeir láta bónarbrjefum sínum fylgja tilheyrilegt vottorð um kunnáttu í íslenzkri tungu samkv. konungsúrsk. 8. apríl 1844, 27. maí 1857 og 8. febr. 1863.

Auglýst 31. jan. 1879. Bónarbrjef eiga að vera komin 19. maí 1879.